

*Alþingi*

*Erindi nr. 115 / 1934*

*komudagur 22 / 4 1991*



HÍÐ ÍSLENZKA TÓFUVINAFÉLAG  
Societas Vulpiphila Islandica  
La Islanda Amikaro de Vulpoj  
PÓSTHÓLF 4049 - 104 REYKJAVÍK 4  
ISLAND ISLANDIA ISLANDO

Til Umhverfisnefndar Alþingis.

## U M S Ö G N

Hins Íslenszka Tófuvinafélags

um Frumvarp til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og veiðar á villtum spendýrum öðrum en hvölum.

Hið Íslenszka Tófuvinafélag lýsir yfir ánægju sinni með framkomu þessa nýja frumvarps. Þrjátíu og fimm ár eru nú liðin frá setningu hinna illræmdu og náttúrufjandsamlegu laga Nr. 52 frá 5. júní 1957, þar sem eyðing og útrýming heillar dýrategundar var helsta markmiðið.

Með þessu nýja lagafrumvarpi er stigið fyrsta skrefið til nútímalegra stjórnunarháttar og eðlilegra samskipta mannsins við villt dýr í náttúru Íslands. Lagafrumvarp þetta er að því leyti tímamótaverk, að hér er í fyrsta skipti í 11 alda samskiptasögu mannsins og tófunnar í landinu vikið frá blindu og hatursfullu ofsóknaræði bænda í garð íslensku tófunnar. Sem kunnugt er á tófan sér miklu lengri sögu í landinu en bændur og því á hún sér ekki síðri tilverurétt í náttúru Íslands en dýrategund sú sem nefnd hefur verið " Homo Colonus Islandicus " og átt hefur í nokkru basli við að réttlæta tilveru sína í landinu að undanfögnu.

Stjórn Hins Íslenszka Tófuvinafélags vill gera eftirfarandi athugasemdir við hið nýja lagafrumvarp :

3. kafli, 3. gr.

Hið Íslenszka Tófuvinafélag mótmælir því að Skotveiðifélag Íslands skuli mega skipa einn fulltrúa af sjö í Dýranefnd. Félag sem hefur að höfuðstefnumiði að drepa villt dýr morðingjanum til fróunar hefur ekkert með fulltrúa að gera í Dýranefnd. Dráp á villtum dýrum til fullnægingar á persónulegum fýsnum ber vott um (skítlegt) óeðli og úrkynjun. Félagar í Skotveiðifélagi Íslands stunda ekki veiðar til að hindra tjón af völdum villtra dýra, sbr. 4. gr., 4. málsg. r.

Stjórn H.I.T. efast einnig um réttmæti þess að Samband dýraverndunarfélaga Íslands tilnefni fulltrúa í Dýranefnd. Samband dýraverndunarfélaga hefur ávallt verið fjandsamlegt íslensku tófunni og helgað sig alfarið húsdýrum og gæludýrum.

Stjórn Hins íslenska Tófuvinafélags mælir því með því við hæstvirta Umhverfisstjórn Alþingis að ákvæði 3. greinar um skipan Dýranefndar verði breytt í þá veru, að Hið íslenska Tófuvinafélag tilnefni einn fulltrúa í Dýranefnd í stað Skotveiðifélags Íslands og jafnvel annan fulltrúa í stað Sambands dýraverndunarfélaganna Íslands.

4. kafli, 7. gr., 3. málsg.

Stangast þessi grein, um álit Dýranefnar, ekki á við 3. málsg. 12. greinar, þar sem Veiðistjóri skal meta nauðsyn þess að hindra tjón af völdum refa? Eins og skipan Dýranefndar er ráðgerð í frumvarpinu er hætt við að annarlegar hvatir einstakra fulltrúa muni liggja til grundvallar mati á hugsanlegu tjóni af völdum tófunnar.

Varðandi mat á tjóni telur stjórn H.I.T. að forsendur að mati séu afar veikar án ítarlegra ákvæða um rannsóknir. Að mati stjórnar H.I.T. ber að efla mjög rannsóknir á íslensku tófunni og hugsanlegu tjóni af hennar völdum, sbr. 3. kafla, 4. grein. An öflugra og ítarlegra rannsókna er ljóst að matið verði fremur byggt á fordómum og hatríkum ástandi og annarra byssumanna en hlutlægni vísindamanna.

4. kafli, 9. gr.

Stjórn H.I.T. fagnar þessari grein ákaflega. Það er löngu tímabært að leggja af þær villimannlegu aðferðir sem beitt hefur verið gegn tófunni allt til þessa dags. Stjórn H.I.T. bendir hins vegar á að ákvæði þessarar greinar eru gagnslitil nema eftirlit verði stóraukið og hert. Sama gildir um refsiakvæði 20. greinar.

Varðandi síðustu málsgrein 9. greinar vill stjórn H.I.T. spyrja hver meta skuli hvort og hvenær tjón af völdum villtra dýra sé umtalsvert?

5. kafli, 11. gr.

Stjórn H.I.T. fagnar ákvæðinu um sölu veiðikorta, enda renni gjaldið til rannsókna á stofnum villtra dýra. Stjórn H.I.T. vill hins vegar spyrja: Eru engin takmörk fyrir þeim fjölda villtra dýrategunda sem handhafi veiðikorts má veiða? Geta t.d. rjúpnaveiðmenn fengið í leiðinni heimild til að myrða tófur sér til yndisauka í öræfavafri sínu? (sbr. 6. kafla, 12. gr., 2. málsg.)

6. kafli, 12. gr.

Stjórn H.I.T. lýsir yfir stuðningi sínum við 3. málsg., þar sem getið er um refaveiðar að fengnum til-lögum veiðistjóraembættis. Stjórn H.I.T. telur Veiðistjóra einan hæfan til að meta tjón af völdum refa.

Stjórn H.I.T. varar hins vegar við síðustu málsgrein 12. greinar. Hvenær stafar sauðfé eða æðarvarpi ekki "bein hætta" af refum að mati sauðfjárbænda og æðarræktenda? Hið íslenska Tófuvinafélag telur ófært að leggja slíkt mat alfarið í hendur þessara aðila.

LOKAORD.

Stjórn Hins Islenszka Tófuvinafélags fagnar ofangreindu lagafrumvarpi og telur það merkan áfanga og viðleitni til að bæta framkomu mannsins gagnvart villtum dýrum í náttúru Íslands, en hún hefur allt til þessa einkennst af miðalda-  
legri villimennsku.

En setning laga og framkvæmd þeirra er sitt hvað. Stjórn Hins Islenszka Tófuvinafélags væntir þess að sá breytti hugur, sem fram kemur í frumvarpi þessu, megi einnig birtast í framkvæmd laganna og í ríflegum fjárveitingum til rannsókna á vegum Veiðistjóraembættisins, því þeim aðila einum er treystandi til vitrænna samskipta við íslensku tófuna.

Að endingu vill stjórn Hins Islenszka Tófuvinafélags flytja þremningunum er undirbjuggu frumvarpið bestu þakkir félags-  
ins fyrir ágæt störf þeirra.

Grindavík, 15. apríl 1992.

Sigurður Hjartarson

Forseti H. Í. T.